


# ÍSAMBANDI

FRÉTTABRÉF JOHAN RÖNNING JÚLÍ 2007



JÚLÍ



JOHAN  
RÖNNING



## ABB hjá Johan Rönning

Johan Rönning og ABB hafa eflt samstarf sitt og getur Johan Rönning boðið aukid vöruúrval frá ABB og þjónustu við markaðinn. Þjóðum nú heilsteypta lausn frá ABB með valvisun milli alls töflubúnaðarins sem tryggir rekstaröryggi rafkerfisins. Lágspennulausnir upp í 6000A .

### Sjálfvör

Erum komnir með á lager

S 200M Icn 10kA samkv. IEC/EN 60898  
S 200P Icn = 25kA fyrir 0,5 A  $\leq$  In  $\leq$  25 A  
Icn = 15kA fyrir 32 A  $\leq$  In  $\leq$  63 A



Öflugar tengiklemmur sem gefur örugga tengingu á tveimur eða fleiri leiðurum af mismunandi gildleika.

Frábær nýjung: Stöðusnertur sem smellt er neðan á sjálfvarið og tekur því ekki pláss á DIN skinnunni. Fæst sem NO eða NC einfalt og þægilegt.



### Lekaliðar

2P og 4P A og AC gerðir 30mA, 300mA og 500mA.

### Lekaliðasjálfvör

30mA og 300mA B & C útleysikúrfur.



Tímaliðar með LED stöðuljósum  
Fjölsviðsliðar, Púlsliðar, Y-D liðar.  
24-48V DC og  
24 – 240V AC 6A snertur.



Fasavakar, Merkjabreytar og straumeinangrarar



Smáliðar og 11 pinna liðar.  
24V DC, 110V DC og 240V DC



## Frá Rafstaðlaráði

# Málþing um slys af völdum rafmagns

Föstudaginn 4. maí stóð Rafstaðlaráð, í samvinnu við Rafiðnaðarsamband Íslands, Læknadeild Háskóla Íslands Samorku, SART, RARIK, Orkuveitu Reykjavíkur, Neytendastofu, Landlæknisembættið, Slysadeild Landspítala Háskólasjúkrahúss (LSH), Vinnueftirlit ríkisins, Heilbrigðistæknifélag Íslands og Verkfræðistofuna Rafteikningu, fyrir málþingi um slys af völdum rafmagns. Markhópar voru fag- og tæknimenn í rafiðnaði og starfsmenn heilbrigðisstofnanna. Fengnir voru hingað til lands tveir menn frá norska vinnueftirlitinu þeir, Lars Ole Goffeng sérfræðingur og BoVejersted yfirlæknir en þeir eru fremstir aðila á norðurlöndum um þessi mál.

Góð mæting var á þingið en alls skráðu sig 78 aðilar. Þingið stóð frá kl 08.30 til 16.00 Rafiðnaðarsambandið bauð upp túlkun á erindi norðmannanna og voru þátttakendur mjög ánægðir með þetta framtak RSÍ. Læknadeild Háskóla Íslands lagði til húsnæði en þingið var haldið í Öskju, húsi náttúrufræða við HÍ. Örugg fundarstjórn var í höndum Örylgs Jónassonar frá RARIK

Fyrir utan Norðmennina þá voru aðrir frummælendur Jóhann Ólafsson sviðsstjóri öryggisviðs Neytendastofu sem fjallaði um tölulegar upplýsingar um rafmagnsslys á Íslandi Brynjólfur Mogensen yfirlæknir slysa og bráðamóttöku LSH sem fjallaði um þeirra aðkomu að slíkum slysum, Þórður Helgason heilbrigðisverkfræðingur, rannsóknar og þróunarstofu heilbrigðistæknisviðs LSH og heilbrigðistæknideild HR og Finnþogi Jakobsson sérfræðingur, taugalækingardeild LSH og dósent sem fjölluðu um áhrif rafstraums á líkamann og að lokum fjallaði Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins um rafmagnsslys og afleiðingar þeirra, en það byggði hann á viðtölum við menn sem lent hafa í slíkum slysum.

Langmestur tími fór í erindi Norðmannanna en þeir fjölluðu ýtarlega um rafmagnsslysin. Þeir sýndu myndir af afleiðingum slíkra slysa, um helstu straumleiðir um líkamann og hvar helst væri hætta á skemmdum (axlarliður, úlnliður, hné). Þeir sýndu fram á að á örstuttum tíma, (einni til tveimur sekúndum) getur hitastigshækkun í vefjum numið tugum gráða en það leiðir til allvarlegra vöðva, tauga og jafnvel beinskemmda. Á sama tíma sjást yfirleitt lítil ytri merki um slysið.

Þeir fjölluðu ýtarlega um hvernig slík slys leyna á sér og að vöðva og taugaskemmdir eru lengi að koma í ljós sem og andleg áhrif slíkra slysa. Skýrt kom fram að þeir hvetja okkur til nákvæmari skráningar á slíkum slysum og ítrekuðu að þeir sem verði fyrir þeim láti skrá þau, því mörg dæmi erum um að afleiðingarnar komi fram mánuðum og jafnvel árum síðar. Ef engar skráningar eru til þá standa viðkomandi einstaklinga mjög illa að vígi þegar sækja á bótarétt.

Neytendastofa og SART eru byrjuð að skoða, í samvinnu við aðra aðila sem að málþinginu stóðu, hvort hægt sé að nýta gagnagrunn sem fyrir hendi er til að halda utan um skráningu slíkra slysa. Slík skráning getur aðeinsorðið markviss ef rafiðnaðarmenn tilkynna um þessi slys. Nokkuð var fjallað um af hverju skráningar um slík slys eru svo fáar. Könnun sem gerð var í salnum leiddi í ljós að næstum allir höfðu einhvern tíman fengi raflost, en að færstir hefðu þó tilkynnt það. Þetta virðist vera feimnismál og í flestu tilfellum kenni menn sér sjálfir um slysið. Það breyti því þó ekki að alvarleika afleiðingaranna og því er ítrekað að menn fari á slysadeild og láti skrá að um rafmagnsslys sé að ræða.

Nú er verið að vinna í því að þýða norsku gögnin og tók Orkuveita Reykjavíkur það að sér. Öllum gögnunum verður síðan komið fyrir á vefsvæði Neytendastofu (og mögulega víðar) og þar munu allir sem vilja geta skoðað og halað gögnunum niður. Efnið verður til frjálstra nota en þó skal vitna til heimilda sé það birt eða nýtt á einhvern hátt. Í framhaldi af þinginu munu þeir sem að því stóðu vinna að samræmingu og aukinni upplýsingagjöf um hættur af slíkum slysum og afleiðingar þeirra. Einnig er vonast til að samvinna náist um hvernig skrá eigi þessi slys og utanumhald þeirrar skráningar.

Bent er á að Samorka lét fyrir stuttu síðan útbúa veggspjald þar sem fram kemur hvernig bregðast eigi við þegar alvarlegt rafmagnsslys verður. Veggspjaldið er fáanlegt hjá Samorku (S: 5884430) og hvetjum við alla rafiðnaðarmenn að ná sér í eintak.

Sigurður Sigurðarson  
Ritari RST



## Öflug viðbót í akstursþjónustuna

Nú nýlega festi Johan Rönning kaup á Iveco Daily kassabíl sem er kærkomin viðbót við þá bíla sem fyrir eru og sinna útkeyrslu á vörum til viðskiptavina. Billinn hefur reynst afar vel, er vel úr garði gerður, lipur og snar í snúningum og hentar því vel í aksturshópinn. Er þetta liður í að efla og auka útkeyrsluþjónustu Johan Rönning með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Það er Vélaver sem er umboðsaðili Iveco á Íslandi.



## Þarftu að losna við tóm kefli?

Þarftu að losna við tóm nothæf lítill kefli? Við hjá Johan Rönning í Sundaborg getum nýtt okkur tóma kefli ef þú vilt losna við þau. Einfaldlega kipptu þeim með þér þegar þú átt leið til okkar næst, við þiggjum þau og horfum til þess að það sé beggja hagar. Ef þetta er mikið magn þá sækjum við þau til þín þér að kostnaðarlausu innan höfuðborgarsvæðisins. Hafið samband í síma 5200800 eða sendið póst á [ronning@ronning.is](mailto:ronning@ronning.is). Fyrir þá sem búa úti á landi og eiga leið í einhverja af verslunum okkar er bent á að skilja keflin eftir hjá þeirri verslun.



### Beygjanleg taska

175132

-Verkfæra- og skjalataska, létt og þægileg í meðförum.

Góðar verkfærafestingar:

- 9 vasar fyrir verkfæri
- 15 teygjubönd
- Vasi fyrir farsíma og gleraugu
- 1600gr.



**cimco**  
WERKZEUGFABRIK



### Probit-bitbox

PH1-2-3 T10-40  
113104

-Sterkt sett með höfuðlykli 1/4" og skralli, sexkanntabitar úr Cr-Va-stál í málmkassa. Skaft og framlengingar (50 og 150mm).

Bitar(20stk):

- SW 4 til 14mm
- SE 3 til 6 mm
- Plain 0.5x4 -0.6x4.5 -0.8x5.5
- Philips PH1-PH2-PH3-PZ1-PZ2-PZ3
- TORX T10-T15-T20

### Cimco verkfæravesti

175120

Hafðu frjálsar hendur!

Pláss fyrir mismunandi stór verkfæri

- 4 vasar fyrir stór verkfæri
- 8 teygjuvasar fyrir lítil verkfæri
- Vasi fyrir farsíma og gleraugu
- Mál: 480x660mm; 1000gr.



### Sexkanntar

SE 1.5-10mm  
110604

- 9 hlutir SW1.5-SW2-SW2.5-SW3-SW4-SW5-SW6-SW8-SW10 mm
- langur, með kúluhöfuð, úr hörðnuðu S2-stáli, bónað, harðkrómað yfirborð, í ferðapakka.



### Lykla-bitasett

28hlutar

113154

- Skemmtilegt sett, með höfuðlykli og skralli, úr Cr-Va-Stál, háglansandi harðkróm. Inniheldur:
  - Tólfkanta lyklar í stærðunum 4-4.5-5-5.5-6-7-8-9-10-11-12-13-14mm og 1/4" fjögurrakanta stýringu.
  - Tveggja átta smáskrall með flýtilosun -25mm langir bitar úr S2-stáli
- Bitar:
- SE 4-5-6 mm
  - Philips PH1-PH2-PH3
  - Pozidriv PZ1-PZ2-PZ3
  - Skýr 4-5-6 mm
  - 55mm langur bitahaldari með flýtilosun
  - 25mm langt millistykki f/bita

**DEWALT**

Gæðaverkfæri  
fyrir fagmanninn



**NÝTT**



94DC925KBV

Hleðsluborvél með höggi 18V XRP. Nýjasta gerðin af XRP gerðinni, nýr mótör, gir og rafhlöður. 3 girar 0-450/1500/2000 snún/min. 13mm patróna, 30min hleðsla og 3x2, 6AH NINH-rafhlöður í plastkassa.



**3 RAFHLÖÐUR  
FYLGJA MEÐ**



94DT7926

Borasett Bullit stál, 29 stk.

**PAKKATILBOÐ kr. 44.450 án vsk**



94DC600KA

Hleðsluskúrfjám 3.6V 1/4"  
2x1.2Ah rafhlöður



94DT9296

Verkfærasett 90 hluta

**PAKKATILBOÐ**

**kr. 13.950  
án vsk**



94D25305K

Nettur og léttur borhamar með meitlum ásamt sogbúnaði

**PAKKATILBOÐ kr. 33.950 án vsk**



Tilboðin gilda til 15. ágúst  
eða á meðan birgðir endast.

 **JOHAN  
RÖNNING**

**REYKJAVÍK**  
Sundaborg 15  
Sími 5 200 800

**SELFOSS**  
Eyrarvegur 67  
Sími 4 800 600

**AKUREYRI**  
Óseyri 2  
Sími 4 600 800

**REYÐARFJÖRÐUR**  
Nesbraut 9  
Sími 4 702 020

**REYKJANESBÆR**  
Hafnargata 52  
Sími 4 207 200